

Nr. 068 / 09 Kajak, óskráður***Hvolfir og ræðari í vandræðum***

Skipaskr.nr. Óskráður
Smíðaður:
Mesta lengd:
Breidd: Dýpt:
Fjöldi skipverja: 1



Gögn:
Gögn RNS

Ljósmynd af kajak (tengist ekki)

Málið afgreitt á fundi 31. ágúst 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 29. júní 2009 var maður á kajak vestan við Stórhöfða í Vestmannaeyjum. Veður: Logn

Þegar kajakinn var staddur inn í Fjóshelli hvolfdi honum en manningnum tókst ekki að rétta hann aftur og fór úr honum. Honum tókst ekki að komast í hann aftur en fólk á útsýnispalli í landi sá til hans og kallaði eftir aðstoð. Unglingar, sem voru á slöngubát skammt frá, tókst með tilsögn fólksins að nálgast manninn og bjarga honum um borð. Aðrar björgunaraðgerðir voru þá afturkallaðar.

Maðurinn á kajaknum taldi að straumur vegna súgs í hellinum hefði orsakað að honum hvolfdi.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn mannsins var mikið gegnumstreymi í hellinum, straumur og um 1,2 metra súgur inn í honum;
- að maðurinn hafði lítið róíð kajak við Vestmannaeyjar en gert það annars staðar af og til í fimm ár;
- að hann hafði ekki kunnáttu til að rétta kajak við sem hvolfir;
- að hann kvaðst hafa verið í viðurkenndum klæðnaði.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en gerir alvarlegar athugasemdir við að menn séu einir í svona ferðum og að hafa ekki kunnáttu til að rétta við kajak á hvolfi.